



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 252. mál um breytingar á lögum íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, (biðtími vegna refsinga ofl.)

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) barst þann 24. október sl. beiðni frá allsherjarnefnd og menntamálanefnd Alþingis um umsögn vegna framangreinds þingskjals nr. 252 um breytingar á lögum um ríkisborgararétt - nr. 100/1952.


Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum lýsir hér með yfir ánægju sinni með framangreint frumvarp um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, með síðari breytingum.

Þó eru gerðar athugasemdir sem eru eftirfarandi:

1. Getið er athugasemd við 1. tölul. 9 gr. frumvarpsins, breytingar á 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna þar sem segir um umsækjanda; „Umsækjandi hafi sannað með fullnægjandi hætti hver hann sé. Komi í ljós að umsækjandi hafi dvalist hér á landi á grundvelli skilríkja sem reynast ekki hans eða upplýsinga sem reynast ekki réttar reiknast sá dvalartími ekki sem búseta samkvæmt“. Er það mat lögreglustjórans á Suðurnesjum að ekki sé skýrt hvað átt er við með fullnægjandi hætti. Er nauðsynlegt að hafa skýran lagaramma um að umsækjandi geti sannað á sér deili með og því nauðsynlegt að skýra lagaákvæðið betur. Kemur fram í greinargerð með breytingarlögunum að Útlendingastofnun skuli meta þau skilríki sem umsækjandi hefur meðferðis en ber þess að geta að hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum er afar sérhæfð þekking og fram fer sérhæfð vinna er varðar skilríki og er sérstök skilríkjadeild starfrækt innan okkar raða og því ætti þetta mat að fara fram hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en ekki Útlendingastofnun.

Reykjanesbæ, 12. nóvember 2019

f.h.l.


Súsanna Björg Fróðadóttir, aðstoðarsaksóknari

Brekkustígur 39
260 Reykjanesbær

- Yfirstjórn
- Fjármál og skrifstofuhald
- Lögfræðisvið
- Rannsóknardeild
- Fikniefnateymi

Hríngbraut 130
230 Reykjanesbær

- Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvöllur

- Flugstöðvardeild

Víkurbraut 25
240 Grindavík

- Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði

- Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður

- Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar

- Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær

- Hverfastöð